

## Sumarstarf Hafnarfjarðarbæjar 2014

Tillögur að breytingum á sumarstarfi Hafnarfjarðar fyrir 2014 þar sem samstarf milli Vinnuskóla og Umhverfis og framkvæmda er skilgreint betur en áður. Markmiðið með breyttu fyrirkomulagi og endurskipulagi á sumurvinnu er að hægt sé að vinna enn betra og skilvirkara starf án aukins tilkostnaðar.

Hafnarfjarðarbær rekur einn sumarvinnustað þar sem meginþorri skammtímaráðinna starfsmanna er. Áður var sótt um á tveim stöðum um sitt hvora vinnuna; hjá Vinnuskóla eða hjá garðyrkjustjóra. Mikilvægt er að þeir sem sækja um sumurvinnu hjá bænum geri það á einum stað og í boði séu sömu launakjör óháð verkefnum og vinnumagni hjá hverjum aldurshópi. Því verða almennir sumarstarfsmenn ráðnir í gegnum Vinnuskóla Hafnarfjarðar en Umhverfi og framkvæmdir koma að ráðningu ákveðna starfsmann vegna starfs tengdu sviðinu. Vinnuskólinn greiðir öll laun en ákveðið fjármagn er á liðum Umhverfis og framkvæmda vegna starfsmann þar.

### Boðvald og forgangur verkefna

Í dag hefur garðyrkjustjóri ekki beint boðvald yfir Vinnuskóla og starfsmönnum þar. Þegar mikið liggur við gæti Vinnuskóli sagt að því miður séu fáir starfsmenn á lausu og því tafið þau verk sem vinna þarf og eru í forgangi verkefna hjá Umhverfi og framkvæmdum.

#### Lausn:

Umhverfi og framkvæmdir ræður til sín þrjá yfirflokkestjóra Vinnuskólans í samvinnu við Vinnuskóla. Þeir verða því starfsmenn sviðsins en sinna áfram sambærilegum verkefnum og áður. Þessir starfsmenn stýra og leiðbeina flokkum og flokkstjórum og því ætti að vera tryggt að áherslur sviðsins skili sér beint í verkefnum sem unnin eru. Ekki er talin ástæða til að almennir flokkstjórar séu starfsmenn umhverfis og framkvæmda. Allar verklegar framkvæmdir og stjórnun þeirra heyra undir og stjórnast af Umhverfi og framkvæmdum.

Gerður verður þjónustusamningur Umhverfis og framkvæmda við Vinnuskólann með skilgreindum verkefnum, forgangsröðun og ábyrgð fyrir 15. apríl ár hvert. Gerður er samningur fyrir hvert tímabil, þar sem kröfur Umhverfis og framkvæmda til framkvæmda eru taldar upp svo og framboð Vinnuskólans varðandi vinnuafli. Lagður verður fram listi yfir helstu verkefni m.a. : viðhald gróðurbeða, almenn hreinsun í bæjarlandi, rakstur eftir sláttuflokk, ýmist viðhald á stofnanalóðum, opnum leiksvæðum og fleira.

Umhverfi og framkvæmdir munu koma að því að finna aðstöðu fyrir vinnuhópa s.s. vegna verkfæra, salernisaðstöðu og aðstöðu til að borða nesti. Fulltrúar Vinnuskóla og Umhverfis og framkvæmda, tryggja aðstöðu fyrir vinnuhópa í hverju hverfi fyrir sig.

## Vinnutími

Gæta þarf jafnræðis vegna vinnutíma. Sérstaklega skal tryggja að allir yngri en 18 ára vinni svipaðan tímafjölda sbr. samþykktir Íþróttá- og tómstundaneftardar.

Lausn:

Til að uppfylla þetta er stefnt að því að Umhverfi og framkvæmdir ráði engan beint í vinnu. Allar umsóknir fari í gegnum vef Hafnarfjarðarbæjar. Umhverfi og framkvæmdir koma að ráðningu flokkstjóra og almennra starfsmanna í blóma-, sláttu- og viðhaldshópar og eru þeir starfsmenn 18 ára og eldri. Einnig kemur sviðið að ráðningu 3 yfirflokkstjóra Vinnuskólans og 6 tækjamenn. Aðrir eru ráðnir af Vinnuskóla í sumarvinnu og er vinnutími sá sami í öllum ráðningarsamningum.

Allir sumarstarfsmenn 18 ára og eldri fá vinnu í 6-7 vikur svo sem almennir vinnuhópar Vinnuskólans, blóma-, sláttu- og viðhaldshópar Umhverfi sog framkvæmda. Miðað er því við að um tvö tímabil sé að ræða um sumarið.

Gagnvart 17 ára verða þrjú tímabil í boði til að tryggja að unnið sé að verkefnum allt sumarið.

Véla/tækjamenn Umhverfis og framkvæmda, sem eru 6 sumarmenn, verða ráðnir allt sumarið vegna sérhæfingar þeirra.

Utanhald vinnuskýrsla fyrir alla sumarstarfsmenn verður á hendi skrifstofu Vinnuskóla en Umhverfi og framkvæmdir þurfa að samþykkja launalista fyrir sitt fólk.

## Umsóknarferli og launaumhverfi

Hafnarfjarðarbær mun setja upp nýtt ráðningar- og mannauðskerfi þar sem umsækjendur fara í gegnum „Mínar síður“. Hver aldur fær síðan sitt eyðublað þar sem fram koma öll verkefni sem viðkomandi getur sótt um. Í nýja ráðningarkerfinu myndast gagna/tölfræðigrunnur sem sýnir stöðu umsækjenda í Hafnarfirði um sumarstörf.

Krafa er um að gerðir verði ráðningarsamningar og því þurfa þær upplýsingar sem umsækjendur skrá í kerfið að nýtast við gerð á ráðningarsamningi fyrir 18 ára og eldri.

### Almennar vinnureglur við ráðningar sumarstarfsfólks hjá Hafnarfjarðarbæ 2014

1. Almenn sumarstörf hjá Hafnarfjarðarbæ verða auglýst laus til umsóknar og allar umsóknir fara í gegnum sama farveg. Hver umsækjandi getur sótt um fleiri en eitt starf sem og óskað eftir að vinna á ákveðnu tímabili. Sótt er um sumarstörf á vef Hafnarfjarðarbæjar. Hægt er að fá aðstoð við útfyllingu umsókna í Þjónustuveri Strandgötu 6 og í Vinnuskóla Hrauntungu 5.
2. Sumarstörfin verða auglýst eigi síðar en 10. mars og tekið verður við umsóknum frá 10. mars til 4. apríl árið 2014.
3. Ekki verður tekið við neinum umsóknum eftir að umsóknarfresti lýkur.



## HAFNARFJÖRÐUR

4. Ráðningartími í flest störfin er 216 klst. í um 6 - 7 vikur fyrir 18 – 20 ára, 120 klst. í um 4 vikur fyrir 17 ára, 21 árs og eldri starfa í 264 klst.
5. Í forgangshópi vegna ráðningar eru þeir sem eiga lögheimili í Hafnarfirði.
6. Þeir sem eru án sumarvinnu hafa forgang vegna ráðningar í sumarstörf. Þeir sem eru á launum eða lífeyri s.s. í orlofi, fæðingarorlofi, launuðu námsleyfi eða ellilífeyri fá ekki sumarvinnu.
7. Horft verður til umsagnar (skv. matskerfi úr Vinnuskóla og / eða Umhverfi og framkvæmdum við val á starfsfólki, þar sem við á. Fulltrúar Vinnuskólans og Umhverfis og framkvæmda ráða sumarstarfsmenn og fulltrúar íþróttafélaga þá sem munu starfa þar. Áður en nýir starfsmenn eru ráðnir, sem ekki hafa unnið áður í sumarstarfi, skal fara fram ráðningarviðtal fyrir 18 ára og eldri.
8. Aldurstakmörk sem kynnt eru í upplýsingum um störf verða virt við ráðningar.
9. Stefnt er að því að öllum umsækjendum verði svarað með formlegum hætti í síðasta lagi í byrjun maí. Skrifstofa Vinnuskólans ber ábyrgð á því að svara umsækjendum.
10. Gerður verður ráðningasamningur við sumarstarfsmenn 18 ára og eldri sem ráðnir verða.

### Verkfærageymslur og aðstaða starfsmanna

Vegna mikillar rýrnunar verkfæra á sumrin meðan á starfseminni stendur þarf að íhuga leiðir til að sporna gegn því. Hafnarfjarðabær á húsnæði sem ekki er í notkun á sumrin svo sem skóla. Þar væri hægt að fá rými til að geyma verkfæri og hafa aðstöðu fyrir starfsmenn Vinnuskólans sem vinna úti hverfum til að borða nesti og komast á salerni. Ekki má gleyma því að Vinnuskóli sinnir viðhaldi á skólalóðum og eru því hóparnir oft við skólanna. Það er brot á almennum kjarasamningum okkar starfsfólks að hvorki sé innandyra vinnuaðstaða né salernisaðstaða.

Lausn:

Unnið verður með Umhverfi og framkvæmum á útfærslu á þessu og skal fjallað um þá útfærslu í samningi vegna sumarstarfs sem gerður verður milli Vinnuskóla og Umhverfis og framkvæmda. Vinna þarf áhættumat fyrir störf í Vinnuskólanum og leggja áherslu á öryggi og andlega og líkamlega vellíðan starfsmanna.

### Fræðsla fyrir starfsmenn

Vinnuskóli og Umhverfi og framkvæmdir vinna saman að því að þróa fræðslu fyrir sumarstarfsmenn þar sem tryggt er að starfsmenn fái fræðslu sem m.a. nær yfir öryggi á vinnustað og læri að vinna þá vinnu sem ætlast er til að þeir leiðbeini öðrum með. Einnig væri hægt að hugsa sé að ráðinn yrði inn tímabundið sérhæfður garðyrkju/umhverfismenntaður starfsmaður eða verktaki sem færi út í almenna vinnuhópa til að fræða og kenna almenn og rétt vinnubrögð varðandi hina ýmsu verkþætti sem er verið að vinna utan dyra.

25. febrúar 2014

Unnið af:

Birni yfirverkstjóra ÞMH, Axel forstöðumanni Vinnuskóla, Rögnu rekstrarfulltrúa Vinnuskóla, Guðjóni garðyrkjustjóri , Geir æskulýðsfulltrúa og Helgu forstöðumanni umhverfis- og hönnunardeildar.